

Mál nr. 223/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Sakarskipting. Hringtorg.

Gögn.

1. Málskot móttakið 19. júní 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 7. júlí 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum, varð árekstur á hringtorgi á gatnamótum Vesturlandsvegur og Þingvallavegar hinn 28. apríl 2025 milli bifreiðanna A, sem er í eigu M, og B. Báðum bifreiðum var ekið eftir Vesturlandsvegi í norðurátt og var A á hægri akrein og B á þeirri vinstri. Þegar komið var inn í hringtorgið var A á ytri hring og B á innri hring. Hafi ökumaður B beygt út úr hringtorginu við fyrstu útkeyrslu, þ.e. inn á Þingvallaveg, en ökumaður A hugðist halda áfram akstri í hringtorginu á ytri hring yfir þá útkeyrslu. Árekstur varð milli bifreiðanna þegar ökumaður B hugðist beygja út úr hringtorginu. Nánar tilgreint lenti B með hægri framhorn á vinstri afturhlið A.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjonanefnd vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að ökumaður B beri helming sakar fyrir að aka út af innri hring við fyrsta útakstur og ökumaður A beri einnig helming sakar fyrir að veita ekki umferð um innri hring forgang.

M, sem var ökumaður A, telur sig hafa verið í fullum rétti. Færir M m.a. þau rök máli sínu til stuðnings að þegar áreksturinn varð hafi A verið komin áleiðis fram hjá fyrstu útkeyrslunni, nokkuð sem bendi til þess að ökumaður B hafi ekki sýnt næga aðgát er hann hugðist beygja út úr hringtorginu. Auk þess byggir M á að ytri hringur sé lögleg akstursleið í hringtorgi og sá sem þar aki beri ekki sjálfkrafa sök ef árekstur verður heldur verði að meta aðstæður hverju sinni. Auk þess beri ökumaður B ábyrgð á því að leiðin sé greið áður en hann beygir út úr hringtorgi. Þessu til viðbótar vísar M til almennra varúðarskyldu sem hvíli á öllum ökuönnum samkvæmt umferðarlögum nr. 77/2019.

Í athugasemdum V sem ábyrgðartryggir A og B, gerir félagið grein fyrir málsatvikum eins og þeim er lýst í gögnum málsins. Að öðru leyti gerir félagið ekki athugasemdir en lætur duga að vísa til gagna málsins og athugasemda í málskoti.

Álit.

Ágreiningur snýr fyrst og fremst að því hver skuli bera ábyrgð á árekstrinum þar með talið hvort skipta skuli sök milli A og B.

Í 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar segir að ef tjon hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjoníð á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Við mat á sök ökumanna er litið til háttænisreglna umferðarlaga nr. 77/2019.

Í 2. málslíð 6. mgr. 19. gr. umferðarlaga segir að í hringtorgi sem skipt er í tvær akreinar skuli ökumaður velja hægri akrein, ytri hring, ætli hann að aka út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum. Enn fremur segir í 3. málslíð sömu málsgreinar að ökumaður á ytri hring skuli veita þeim sem ekur á innri hring forgang út úr torginu.

Þar sem ökumaður B ætlaði út úr hringtorginu á fyrstu gatnamótum eftir að hann ók inn í hringtorgið bar honum að aka á hægri akrein, ytri hring, um hringtorgið. Þessa gætti ökumaður B ekki. Hins vegar bar ökumanni A að víkja fyrir umferð úr innri hring er hann ók fram hjá fyrstu gatnamótunum, sbr. 3. málslíð sömu málsgreinar. Verður ráðið af gögnum málsins að ökumaður A hafi ekki gætt nægilega að þessum áskilnaði umrætt sinn. Það að ákoman hafi orðið á afturhluta A breytir að mati nefndarinnar ekki framangreindu. Meta verður sök ökumanna með hliðsjón af framangreindum lagaákvæðum og aðstæðum öllum og skiptist sök þannig að ökumaður A ber 1/2 hluta sakar og ökumaður B ber 1/2 hluta sakar á umræddum árekstri.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðarinnar A ber helming sakar og ökumaður B ber helming sakar á umræddum árekstri.

Reykjavík, 21. október 2025
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir